

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

29. desember 2025
UOS2501365/S.M.

Efni: Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 4. október 2024 þar sem fram stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 29. ágúst 2024.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 3.8 í starfsleyfi. Tryggja skal að olía sleppi ekki út í umhverfið við löndun olíu. Tæma þarf og setja lok yfir stamp sem stendur við hlið þróarinnar um löndunarlagnir. Stampurinn var fullur af olíumenguðum sandi/drullu, vatni og rusli.
Samkvæmt rekstraraðila er enginn stampur á vegum Atlantsolíu á löndungarbryggju. Um sé að ræða stamp sem tilheyri Colas og sé notaður þegar biki er landað. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að rekstraraðila var veittur kostur á að tjá sig um drög að eftirlitsskýrslu, m.a. um þau frávik sem skráð voru í eftirlitinu. Æskilegt er að gera slíkar athugasemdir á athugasemdafresti, áður en lokaskýrsla úr eftirliti er gefin út. Umhverfis- og orkustofnun fellst á að fella niður frávikið.
- Gr. 3.9 í starfsleyfi. Prófanir á aðvörunarbúnaði í olíuskilju hafa ekki verið framkvæmdar. Mikilvægt er að sjálfvirkur viðvörunarbúnaður sé virkur og prófaður reglulega skv. fyrir fram skráðu verklagi.
Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að búnaður hafi verið prófaður 2.12.2024.
- Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar skv. þeim lista er fram kemur í gr. 4.1 í starfsleyfi. Skráningum er ábótavant. Upplýsingar vantaði á mánaðablöð um viðhald og mælingar á olíuskilju.
Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að framangreindu hafi verið kippt í liðinn og séu skráningar í lagi frá og með síðasta eftirliti stofnunarinnar.
- Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár. Mæling var síðast gerð árið 2020.
Rekstraraðili sendi stofnuninni afrit af mælingum. Báðar skiljur stöðvarinnar séu í lagi samkvæmt strimlaprófi.

Umhverfis- og orkustofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Úrbætur voru teknar út í eftirliti stofnunarinnar 19. nóvember 2025.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Teymi eftirlits